



SKÓGRAEKT
RÍKISINS

2015

Ársskýrsla Vesturlandsdeildar



Valdimar Reynisson
Skógarvörður á Vesturlandi
Skógrækt ríkisins
23.3.2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennt um deildina	3
Árið 2015	4
Veðurfar.....	4
Skógarskaðar	4
Tilraunir	5
Gróðursetningar	5
Grisjun	6
Viðarvinnsla	7
Hnausaplöntur.....	8
Jólatré.....	8
Vegagerð	9
Vélar og tæki	11
Heimsóknir	11
Mannahald	12
Erlendir nemar.....	12
Slys.....	12
Lokaorð.....	12

Forsýðumynd: Horft inn Skorrdalinn frá Stálpastöðum. Sjá má Vatnshornskóg nær og Bakkakot fjær.
Mynd Valdimar Reynisson skógarvörður.

Myndir eru teknar af Valdimari Reynisyni skógarverði.

Inngangur

Árið 2015 var nokkuð viðburðarríkt hjá Skógrækt ríkisins á Vesturlandi þó að ekki hafi allir viðburðir verið jákvæðir. Mikill lægðagangur var fyrri part árs sem að fylgdu hvert óveðrið á fætur öðru og ollu þessir stormar miklum sköðum á skóginum. Þó mest í stormi sem gekk yfir þann 14.mars. Í þeim stormi féllu um 2 ha af skógi á Stálpastöðum í Skorradal og nokkuð á öðrum svæðum aðalega í Norðtunguskógi.

Vinnuslys varð á hlaðinu í Hvammi þegar verið var að hífa kurlsekki á vörubíl. Bílstjóri vörubílsins lenti í viðarkrananum með þeim afleiðingum að hann missti framan af fingri og missti mátt á öðrum fingrum.

Það komu 5 erlendir nemar til verknámsdvalar á árinu, 4 Danir og einn Frakki. Danirnir voru í 3 vikur en Frakkinn í 2 mánuði. Nutum við starfskrafta þeirra á tímabilinu og reyndust þeir allir hinur bestu starfsmenn.

Sett var út tilraun með hengibjörk og lokið var við að gróðursetja í Laxaborg. Einnig var gróðursett nokkuð á Stóru - Drageyri í Skorradal.

Jólatrésala var svipuð og áður og mikil viðarsala var hjá deildinni þá helst til Elkem á Grundartanga. Minna var um pantanir og sölu á borðum en undanfarin ár. Hnausaplöntusala var heldur minni en oft áður en það er algengt að hún sveiflist milli ára.

Árið var frekar gott hvað varðar sjúkdóma þar sem lítið bar á slíku á árinu. Þó bar aðeins á Birkikembu í Dölunum.


Engar breytingar urðu á mannahaldi á árinu.

Almennt um deildina

Vesturlandsdeild Skógræktar ríkisins nær yfir landsvæðið frá Gilsfirði og suður á Reykjanes í land Straums við Hafnarfjörð. Innan þessa landsvæðis eru 29 jarðir og jarðarpartar sem eru í eigu/eða umsjá Skógræktar ríkisins. Mest er starfsemin í Skorradal. Þar hefur deildin umsjón og eignarhald á átta jörðum og jarðarþörtum. Heildarlandstærð í umsjón deildarinnar er um 11.647 hektarar og af þeim eru 5371 ha af birkikjarri og birkiskógi en ræktaður skógur er 875 hektarar. Um 53,6% lands á vegum deildarinnar er skógi eða kjarri vaxið.

Vesturlandsdeildin hefur umsjón með tveimur stórum girðingum, sem girða af lönd Skógræktarinnar og annara landeigenda. Þetta eru Ystutungugirðing í Borgarbyggð og Skorradalsgirðing sem umlykur Skorradal sunnan- og austanverðan.

Starfstöð deildarinnar er að Hvammi í Skorradal. Skógarvörður er Valdimar Reynisson skógfræðingur M.Sc.



Mynd 1 hér er gróf yfirlits mynd af starfsvæði Vesturlandsdeildar. Jarðir eru merktar með gulum pinnum. mynd VR

Árið 2015

Veðurfar

Það gekk á ýmsu í veðrinu árið 2015. Fyrripartur ársins einkendist af lægðargangi með tilheyrandi stormum og leiðindum versta veðrið var þó 14.mars en þá náði vindur á Miðfitjahól á Skarðsheiði í 73,5 m/s. Mikil úrkoma fylgdi þessum lægðargangi þó aðalega í formi snjóa. Vorið var svo kalt og þurrt fram undir miðjan júní en þá kom hitaskot, en síðan var hitinn ca 11-15°C nánast út sumarið. Seint í ágúst fór að rigna og það ringdi nokkuð mikið á köflum fram eftir hausti þó ekki eins mikið og árið á undan. Í desember byrjaði svo að snjóa og nokkrar lægðir létu á sér kræla.

Tafla 1 tafla 1 sýnir meðaltals veðurgögn fyrir árið 2015 frá Veðurstöðinni á Hvanneyri. Gögnin eru fengin frá Veðurstofu Íslands.

Ár	Mánuður	meðalhit i °C	hæsti hiti °C	lægsti hiti °C	meðalvindu r m/s	mesti vindur m/s	mesta hviða m/s	úrkoma mm
2015	Janúar	-1,43	9,9	-18	5,42	20,7	35,7	111,9
2015	Febrúar	-0,72	9,8	-14,5	7,02	24,2	33,7	139,7
2015	Mars	0,65	10,6	-11,8	6,12	25,7	41,4	164,9
2015	Apríl	2,32	11,4	-10,2	5,86	17,5	27	61,7
2015	Maí	3,99	13,2	-7	4,68	14,8	25,3	42,4
2015	Júní	9,12	21,7	0,1	4,39	15,6	25,5	33,9
2015	Júlí	10,12	19,8	1,2	4,1	10,9	15,4	15
2015	Ágúst	9,9	18,4	0,5	3,65	11,4	18,2	54,3
2015	September	9,25	16,2	-1,3	4,18	19,5	31	124
2015	Október	4,6	Bilun varð í mælitækjum því eru litlar sem engar mælingar hér					
2015	Nóvember	0,61	10,4	-13,8	3,69	19,8	24,4	87,5
2015	Desember	-1,71	9,2	-16,9	4,84	20,5	31	68,8
	Ársmeðalta l	3,89						904,1

Skógarskaðar

Nokkuð mikið bar á skógarsköðum þó aðallega vindfalli í skógum. Það var einn stormur öðrum fremri í að fella skóg. Sá stormur gekk yfir landið 14.mars 2015. Vindhraði á Skarðsheiði mældist 73,5 m/s í þessu veðri. Stormur þessi fór illa með um 1,8 ha af skógi á Stálpstöðum og felldi einnig nokkuð af trjám í Norðtunguskógi. Þessir 1,8 ha voru ekki samfelld svæði heldur dreifðist um skóginn eins og sést á mynd 2. Stafafurureitur sem grisjaður var 2013 skaðaðist mikið, en sá reitur sem verst varð úti í þessum stormi var rauðgrenireitur sem grisjaður hafði verið haustið 2014. Sá reitur er nánast ónýtur eftir storminn. Miðjan er alveg úr honum og einungis kantarnir standa eftir. Stór geil myndaðist í sitkagrenireit sem stendur við gryfju í austurenda Stálpastaða. Það er eins og vindurinn hafi skrúfað sig upp úr gryfjunni og skolið á skóginum (mynd 2)



Mynd 2 hér er mynd sýnir sitkagreni sem lét undan í storminum 14.3.2015

Ekki bar mikið á öðrum sköðum í skóginum og engar sérstakar plágur sem herjuðu á trén. Þó varð eitthvað vart við birkikembu í Dölunum.

Tilraunir

Tvær nýjar tilraunir eru í gangi hjá deildinni núna.

Tilraun með endurræktun á stafafuru með sjálfsáningu sem byrjað var á árið 2014, er enn í gangi þó hefur lítið verið gert þar árið 2015 annað en að hreinsa vindfall.

Kvæmatilraun með hengibjörk var lögð út á Stóru - Drageyri sumarið 2015. Tilgangur tilraunarinnar er að finna heppilegt hengibjarkarkvæmi fyrir Ísland. Tilraunin var lögð út í öllum landshlutum. Notuð voru 5 finnsk kvæmi, 6 norsk, 2 af alskabirki og svo 3 íslensk til samanburðar. Gerð var lifunnarúttekt á tilrauninni haustið 2015 og var greinilegur munur á milli kvæma eftir þetta fyrsta sumar.

Gróðursetningar

Nokkuð var gróðursett á árinu 2015. Lokið var við að gróðursetja í Laxaborg í Dölum. Naut Skógrækt ríkisins liðsinnis Lionsklúbbs Búðardals við það verk. Gróðursettar voru 3445 aspir af ýmsum klónum.

Þessu verkefni er nú lokið þar sem búið er að gróðursetja í allt gróðursetningarhæft land í Laxaborg. Nú verður tíminn að leiða það í ljós hvort að þurfi að fara í íbætur eftir nokkur ár. Mynd 3

Einnig var gróðursett á Stóru - Drageyri í Skorradal. 1200 plöntur af Selju fóru í eyður í eldri gróðursetningu í frekar rakt land. Þá voru 3000 plöntur af lerkiblendingnum Hrym gróðursettar í hlíð upp af gömlu túnunum í átt að hitaveitudæluskúrnum og að lokum voru gróðursettar 5025 stafafurur af kvæminu Watsonlake þær voru settar í framhaldi af Hrymnum í stefnu inn dalinn.



Mynd 3 Lionsmenn úr Búðardal gróðursetja í Laxaborg. Guðmundur í Geirshlíð í Hörðudal á traktornum að bora fyrir plöntunum.

Grisjun

Óvenju lítið var grisjað á árinu. Einungis 0,54 ha en meira púður fór í að fella frá brautum og hreinsa upp vindfall, bæði í Stálpastaðaskógi og Norðtunguskógi. Með höggi frá vegum og vindfallshreinsun var grisjað um 3 ha. Efnið úr þessari grisjun fór öll í heimabruk, þ.e.a.s kurl og eldivið. Einnig var grisjað lítillega í Vatnaskógi. Þar koma skógarmenn Vatnaskógar til með að nýta efnið sem þar féll til.



Mynd 4 Michelle frá Danmörku að grisja í Hvammi í apríl 2015.

Viðarvinnsla

Pantanir á timbri voru heldur minni árið 2015 heldur en undanfarin ár. Þó var efnað niður í eina loftklæðningu sem var 90 m² af 12mm þykku efni óköntuðu. Merkja mátti nokkra aukningu í sölu eldiviðar, en heldur minni sala á kurlu en undanfarin ár. Þávoru 1226 m³ af bolvið sendir á Grundartanga til kurlunnar. Yfirlit má sjá í töflu 2.

Tafla 2 yfirlit yfir sölu afurða frá vesturlandi árið 2015.

Sala viðarafurða 2015						
Vöruflokkur	Tegund	Pakkningar	Magn	Einingar	Samt	ath
Arinviður	Barr	40 l grisjupokar	290	pokar		
Arinviður	Barr	grind	5	M ³	21 M ³	arinviður
Arinviður	Birki	40 l grisjupokar	25	pokar	1,4 M ³	
Barr kurl	greni/fura	Stórsekkur 1m3	58	sekkir		
Barr kurl	greni/fura	40 l grisjupokar	141	pokar	64 M ³	kurl
Bolviður	greni/fura	ósagað	15	lm		
Bolviður	greni	ósagað	1226	M ³		Elkem
Bolviður	Lerki	ósagað	4	M ³		
Borðviður	greni	ókantað	13	lm		
Borðviður	greni	ókantað	2	M ²		
borðviður	greni	ókantað	90	M ²		
Bök	greni	laust	284	stk		
Stiklur	Greni/fura	15sm bútar	50	M ²		

Hnausaplöntur

Sala á hnausaplöntum er alltaf nokkuð rokkandi. Í ár var hún þokkaleg en ekki eins mikil og oft áður. Þó seldist töluvert af greni og furu. Aðrar tegundir eru að mestu búnar. Búið er að taka upp úr gömlu dreifsetningarreitunum sem eru í Hvammi það sem hægt er. Yfirlit yfir sölu hnausaplantna má sjá í töflu 3.

Tafla 3 yfirlit yfir sölu hnausplantna árið 2015

Sala á hnausaplöntum 2015		
Tegund	Stærðarfl sm	Magn
Alaskaösp	óflokkad	4
Birki	óflokkad	6
Sitkagreni	0,61-0,80	19
Sitkagreni	0,81-100	33
Stafafura	0,61-0,80	2
Stafafura	0,81-100	20
Stafafura	101-120	6
Ýmsar teg	óflokkad	12
Samtals hnausaplöntur		102

Jólatré

Jólatrésala var með svipuðu móti og í fyrra. Það voru 54 tré afhent fyrir 1.sunnudag í aðventu í stærðum frá 2m upp í 10m. Mest var í stærðunum 5-6 m og 6-7m eins og venjulega sjá töflu 4. Um flutninga á torgtrjám til Reykjavíkur sá Gísli Jónsson á Akranesi. Opið var eina helgi 12- 13.desember í Selskógi fyrir þá sem vildu koma og velja sér tré. Boðið var uppá ketilkaffi og eldgrillaðar pylsur var því vel tekið af gestum. Skógarvörður var svo með jólatré á Jólamarkaði á Hvanneyri 19.desember, gekk sala þar ágætlega og var greinilegt að fólk tók því vel að komið var með trén á Hvanneyri. Að venju keypti Björgunnarfélag Akraness stafafuru og rauðgreni til endursölu í jólatrésölu félagsins, en það er liður í fjárölflun þeirra.




Mynd 5 hér er verið að flytja Torgtré til Reykjavíkur í nóvember 2015. Myndin er tekin á Fitjum þar sem við höfum fengið að leggja trén frá okkur þangað til þau eru flutt til Reykjavíkur.

Tafla 4 yfirlit yfir seld jólatré og greinar árið 2015

Torgtré			Heimilistré		
Tegund	Stærðarfl m	Magn stk	Tegund	Stærðarfl m	Magn stk
Stafafura	2-2,5	1	Fjallþinur	óflokkað	7
Stafafura	2,51-3	3	Stafafura	0-1,5	5
Rauðgreni	2,51-3	1	Stafafura	1,5-2	19
Sitkagreni	2,51-3	3	Stafafura	2,01-2,5	9
Sitkagreni	3-4	3	Rauðgreni	0-1,5	12
Sitkagreni	4-5	8	Rauðgreni	1,51-2	15
Sitkagreni	5-6	11	Rauðgreni	2,01-2,5	6
Sitkagreni	6-7	10	Sitkagreni	2-2,5	1
Sitkagreni	7-8	1	Samtals heimilistré		74
Sitkagreni	8-9	7	Greinar		
Sitkagreni	9-10	5	Tegund	kg	
Fjallþinur	3-4	1	Fjallþinur	7	
Samtals torgtré		54	Stafafura	2	

Vegagerð

Tölvert var unnið í vegagerð á Stálpastöðum. Lagðir voru um 2 km af brautum ofarlega og austarlega í skóginn. Með þessari vegagerð opnaðist ný hringleið og leið sem nær uppá hálsinn fyrir ofan skógin að austanverðu sjá mynd 6 og 7. Verktaki í þessu verki var Hálstak ehf (Tryggvi Valur Sæmundsson). Efni í ofaníburð var að hluta til fengið á staðnum en um helmingur ofaníburðarins er keyptur úr svokölluðum Fossanámum sem eru í mynni Skorradals. Verkið gekk ágætlega en rigningar töfðu þó aðeins fyrir.



Mynd 6 yfirlitsmynd yfir vegi sem lagðir voru 2015, rauða línan er u verirnir sem lagðir voru 2015.



Mynd 7 hér er búið að leggja nýja braut í gegnum skógin.

Vélar og tæki

Til eru 3 dráttavélar hjá deildinni.

Valtra Valmet 8050 árg 2001 sem er 110 hö. Hún er notuð við útkeyrslu á viði úr skóginum.

Valtra Valmet A85 árg 2004 88 hö með ámoksturstækjum. Þessi vél er mikið notuð í snatt t.d til að afgreiða kurl á sumrin og flytja timbur þegar verið er í viðarvinnslu. Þessi vél var lánuð á Mógilsá í sumar og er þar enn.

Valtra Valmet 700 árg 1999 70 hö. Mest notuð við spilun, knýja kurlarann og eldiviðakleyfann.

Einn gamall sturtuvagn

Einnig er til eldiviðarkleyfir. Gamall frá Vöglum og er dráttarvélaraknúinn.

Trjákurli Farmi, dráttarvélaraknúinn.

Nokka viðarvagn frá 2009.

Viðarspil gamalt. Kom frá Hallormsstað.

Woodmizer bandsög gömul. Kom frá Hallormsstað.

Gamall snjóblásari, traktorsdrifinn. Sameign með Skorradalshreppi.

Staurabor, traktorsdrifinn.

Logosol 330 rammasög sameign Vesturlandsdeildar og Suðurlandsdeildar. Sögin er núna á Suðurlandi

Einnig á deildin 2 Mitsubishi L200 Double Cap bíla. Annar bíllinn eyðilagðist í útafakstri í október og kom Toyota Hilux bíll í staðinn fyrir hann.

Heimsóknir

Nokkrir hópar komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi deildarinnar. Í apríl kom hópur finnskra skógareigenda, með Friðrik Aspelund sem fararstjóra. Einnig komu í apríl nemendur bændadeildar LBHÍ í skoðunarferð sem er hluti af námsáfanganum Nytjaskógrækt.

Í ágúst komu skógfræðinemar frá LBHÍ á Hvanneyri í fylgd Bjarna Diðriks Sigurðssonar. Þessi heimsókn var liður í hringferð þeirra um landið. Farið var með þá í Norðtunguskóg að skoða vindfall og sjálfsáningar tilraunina. Félagar í Skógræktarfélagi Grundarfjarðar komu í heimsókn í ágúst og var það nokkur upplifun fyrir þá að koma í Skorradalinn. Vestfirskir skógarbændur komu líka í skóginn í ágúst, það spunnust miklar umræður um vöxt og vinnslu skógarafurða.

Í september kom svo Rótarýklúbbur Akraness í heimsókn. Skógarvörður hafði haldið fyrirlestur fyrir þá um veturinn. Í september kom einnig félag landnema á Fellsmörk í heimsókn og voru þau frædd um það hvað hægt er að gera úr viði. Þeir skoðuðu svo skóginn í heldur leiðinlegu veðri.

Í október kom svo Björgvin Eggertsson með skógfræðinema í vinnuhluta námsáfangans“ Skógrækt og viðartækni“. Þau voru í þrjá daga við grisjun og kjarrsögun.

Mannahald

Engar breytingar urðu á mannahaldi á árinu. Það eru 3 skógarhöggsmenn, skógarvörður og aðstoðarskógarvörður í 40% starfi hjá deildinni.

Erlendir nemar

Á árinu höfðum við 5 erlenda verknefma hér í þjálfun. Í apríl komu tveir Danir frá Jordbrugets uddannelses Center Århus. Þetta voru strákur og stelpa Malik og Michelle og voru þau hér í þrjár vikur. Í júní og júlí höfðum við svo franskan nema Pierre að nafni. Í október komu svo Oscar og Fredrik frá skólanum í Århus. Þeir voru í 3 vikur.

Allir nemarnir stóðu sig vel í vinnu og voru fljótir að falla inní hópinn sem fyrir var hjá deildinni. Það er gagn og gaman að fá þessa erlendu nema bæði fyrir okkur og þá.

Slys

Alvarlegt vinnuslys varð á vinnsluplani í Hvammi í sumar. Slysið var með þeim hætti að verið var að hífa kurlsekki á vörubíl með viðarkrananum. Bílstjóri bílsins var að hagræða spotta sem hífa átti sekk með á sama tíma var verið að loka klónni. Maðurinn misti framan af fingri og aðrir fingur sködduðust. Ekki er vitað á þessari stundu hversu mikinn mátt hinn slasaði á eftir að fá í fingurna.

Lokaorð

Eins og sést á lestri þessarar skýrslu þá var árið 2015 nokkuð viðburðarríkt og þó að starfsmenn hafi verið fáir þá voru hlutir framkvæmdir. Þó að grisjun hafi verið frekar lítil þá var unnið í öðrum þáttum skógræktarinnar. Á næsta ári er margt í deiglunni og vonandi nær það fram að ganga. Allavega horfum við fram á vegin með bjartsýni í huga. Framundan er sameining Skógræktar ríkisins og landshutaverkefnana sem á vonandi eftir að skila miklu til Skógræktar starfs í landinu.